

## Menntamálaráðherra tekur þátt í aðalráðstefnu UNESCO



Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, lagði megináherslu á menntun fyrir alla, tungumál, fjölbreytni, menningar og gagnagrunn fyrir erfiðrafræðilegar upplýsingar í ræðu sinni á aðalráðstefnu UNESCO sem haldin var í París þann 29. september sl. Fyrir ráðstefnuna var stjórnarfundur UNESCO haldinn og þar sátu Sveinn Einarsson, sem á sæti í aðalstjórninni og Guðný Helgadóttir, starfsmaður fastanefndarinnar í París, fyrir Íslands hönd. Tæplega 60 mál voru á dagskrá þess fundar, og létu Íslendingar um helming þeirra til sín taka.

Menntamálaráðherra tók þátt í hringborðsumræðum um gæði menntunar. Áður hafði ráðherra setið fund með menntamálaráðherra Bandaríkjanna, Rod Paige og fylgdarliði, en nýverið gengu Bandaríkin aftur formlega í samtökin eftir 19 ára hlé. Þann fund sátu einnig Sigríður Á. Snævarr, sendiherra í París, Sveinn Einarsson og Guðný Helgadóttir, sem og nokkrir aðrir norrænir fulltrúar.

Ísland á fulltrúa í mörgum nefndum á ráðstefnunni; Guðný Helgadóttir situr í menntamálanefnd og sérnefnd um gagnagrunninn, Hafliði P. Gíslason í vísindanefnd og umræddri sérnefnd, Elin Hirst í fjölmiðlanefnd og Sveinn Einarsson í allsherjarnefnd ásamt Helga Gíslasyni, sendifulltrúa, sem og í menningarmálanefnd.

## Heimsókn aðalritara EMBC/EMBO

Dr. Frank Gannon, aðalritari EMBC (European Molecular Biology Conference) og framkvæmdastjóri EMBO, sem eru samtök evrópskra sameindalíffræðinga, mun heimsækja Ísland dagana 9. og 10. október nk. Í þessari heimsókn mun Dr. Gannon halda fyrirlestur um rannsóknir sínar á hlutverki og starfsemi Estrogen-víðtakans. Hann mun einnig kynna starfsemi EMBO/EMBC fyrir ráðamönnum og fyrir vísindasamfélaginu. Mary Gannon, verkefnisstjóri hjá EMBO, er með honum í för og mun einnig kynna starfsemi EMBO og ræða möguleika íslenskra vísindamanna á styrkjum frá samtökunum.

Íslendingar taka þátt í starfsemi EMBC/EMBO og hafa margir íslenskir sameindalíffræðingar hlotið styrki þaðan. Auk þess hafa margir sótt námskeið og ráðstefnur á vegum stofnunarinnar. Sem stendur er Guðmundur Eggertsson, prófessor í erfiðrafræði við HÍ eini Íslendingurinn sem er félagi í EMBO.

EMBO/EMBC vinnur að því að efla rannsóknir á sviði sameindalíffræði í Evrópu. Í starfsemi samtakanna er megináhersla lögð á gæði vísindanna enda nýtur starfsemi stofnunarinnar mikillar virðingar um heim allan og mikil gróska hefur verið í starfi hennar að undanförmu. Efnt hefur verið til nýrra styrkja fyrir unga vísindamenn (svonefnt [Young Investigator Programme](#)), fyrir vísindamenn sem hafa tekið sér barneignarleyfi ([Restart Fellowships](#)) auk þess sem unnið er að því að efnu til almennra rannsóknastyrkja. Að auki má nefna "Science and Society" starfsemi EMBO sem miðar að því að upplýsa almenning, kennara og fjölmiðla um starfsemi á sviði sameindalíffræði.

Nánari upplýsingar um EMBO/EMBC er að finna á <http://www.embo.org/> og <http://www.embo.org/embo>.

## Stytting náms til stúdentsprófs: Fyrstu viðbrögð skólameistara almennt jákvæð

Umræða um hugsanlega styttingu náms til stúdentsprófs hefur verið mjög mikil eftir að Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, kynnti tillögur verkefnisstjórnar þar að lútandi fyrir rúmlega hálfum mánuði. Nú þegar hafa tæplega 150 manns skráð sig til þátttöku á umræðuþingi vegna málsins á [menntagatt.is](#). Fyrstu viðbrögð skólastjórnaða eru almennt góð, þótt vissulega séu skiptar skoðanir í þeirra hópi.

Hér að neðan eru viðbrögð nokkurra skólastjórnaða eins og þau birtust í Morgunblaðinu 2. október síðastiðinn:

**Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari Fjölbrotaskólans í Garðabæ og formaður Skólameistarafélagsins**

...litur þessar breytingar jákvæðum augum og finnst þetta skref í rétta átt. Þorsteinn segist hafa verið þeirrar skoðunar lengi að stytta beri bæði grunnskóla og framhaldsskóla um eitt ár og lengja skólaárið í tíu mánuði. „Þar með verðum við með svipað kerfi og flestar

hinar vestrænu þjóðir,“ segir hann og bætir við að engin rök séu fyrir því að þetta sé ekki mögulegt hér á landi. „Við eigum að læra af öðrum þjóðum.“

**Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík**

...segir hugmynd um styttingu stúdentsprófs mjög tímabæra. Mikilvægt sé að íslenskir nemendur séu í takt við jafnaldrana sína á Norðurlöndum þegar þeir útskrifast í framhaldsskóla og hefji háskólanám. „Það er mikilvægast að skoða hvað á að kenna og hverju á að sleppa,“ segir Ingibjörg.

**Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði**

...segist ekki vera fyrirfram á móti styttingu námsstíms. „Ég hef hinsvegar ekki enn séð rökinn sem sannfæra mig um að þetta sé farsælt skref,“ segir hún og bendir á að áfangakerfi framhaldsskólanna veiti nemendum nú þegar svigrúm til þess að stytta námstíma sinn til stúdentsprófs.

**Helgi Ómar Bragason, skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum**

...segist hafa miklar efasemdir um þessar tillögur. Hann segir að rökinn fyrir þessum breytingum þurfi að vera sannfærandi og hann fallist ekki á þá röksemdafærslu að þetta þurfi að vera hliðstætt því sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

**Jóhannes Einarsson, skólameistari Lönskólans í Hafnarfirði**

...segir margar spurningar vakna er snúa að starfs- og iðnenntun. Stytting stúdentsnáms hafi áhrif á námsval nemenda og huga þurfi að samunburði á milli starfsnáms og bóknáms.

**Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík**

...segir þetta stórt mál og afar mikilvægt. „Min skoðun er sú að skólakerfið þurfi að endurskoða reglulega og ég held að margir séu á því að það þurfi að stytta námið en spurningin er hvornig skynsamlegast er að fara að. Ég held að það þurfi að skoða þessi þrjú skólastig í einu, þ.e.a.s grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Við þurfum að athuga hvaða kröfur háskólinn gerir og síðan að ákveða hvornig skilin eiga að vera milli framhaldsskólans og grunnskólans.“

**Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri**

...segir að stytting framhaldsskólanámsins geti verið tækifæri fyrir skólana á ýmsan hátt. „Það sem mér finnst vera skynsamlegustu rökinn fyrir því að breyta þessu er það sem ráðherra sagði um að á undanförmum áratug hefði menntun verið að breytast á þann hátt að hún verður símenntun, þannig að þegar nemendur ljúka háskólamenntun sinni eru þeir ekki að ljúka námi sínu, heldur áfanga í náminu. Síðan tekur við menntun að loknu háskólanámi. Þú lýkur ekki embættisprófi og ert þar með orðinn fullnuma í fræðunum fyrir lífstíð. Þetta eru gildustu rökinn sem ég kaupir fyrir því sem ég hef séð...“

## Ný rit útgefin af menntamálaráðuneyti

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út tvær nýjar skýrslur, [Stytting náms til stúdentsprófs](#) (kynningarbæklingur) og [Skýrsla um styttingu námstíma til stúdentsprófs](#).

Hægt er að nálgast ritin á rafrænu formi á vef menntamálaráðuneytisins.

## Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

„Góðan dag og takk fyrir þennan vettvang

Mig langar að benda á einn flöt í umræðunni sem ekki er alveg ljós og hann er að nú þegar er boðið upp á þriggja ára stúdentspróf í áfangakerfinu. Þetta hefur verið svo árum skiptir en kannski fyrst markaðssett síðustu ár.

Jafnframt að það er líklega ekki skynsamlegur valkostur að knýja fram þriggja ára nám til stúdentsprófs sem einu leiðina. Mér er sagt að statistik sýni að fleiri ljúki stúdentsprófi á fjórum árum í Danmörku en á þremur en það er þó hinn opinberi árafjöldi þar.“

**Magnús Þorkelsson, aðstoðarskólameistari Flensborgarskólans ( í orlofi). Færsla birtist 2. október 2003, kl. 21:59.**

